

## FUNDARGERÐ

Árið 2020, föstudaginn 31. janúar kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Kalkofninum á 3. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhóls götu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir (í fjarveru Daníels Jakobssonar), Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sat fundinn undir lið 2 og 11.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð frá 20. desember 2019

Lögð var fram fundargerð frá 20. desember 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 20. desember 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Reykjavíkurborg – krafa um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar.

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 20. desember 2019, varðandi aðsent erindi Reykjavíkurborgar, dags. 20. desember 2019, þar sem krafist er greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015, 2016, 2017 og 2018.

Með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli nr. 34/2018 telur Reykjavíkurborg að borgin hafi verið útilokuð með ólögmatum hætti frá því að eiga möguleika á að hljóta framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Af þeirri ástæðu krefst Reykjavíkurborg þess að íslenska ríkið greiði Reykjavíkurborg fjárhæð er nemur tekjujöfnunarframlögum, jöfnunarframlögum vegna reksturs grunnskóla og framlögum til nýbúafræðslu fyrir árin 2015-2018.

Er því gerð krafa um að íslenska ríkið greiði Reykjavíkurborg samanlagt kr. 5.860.817.432 eða sem nemur samanlagðri fjárhæð framangreindra framlaga. Jafnframt er gerð krafa um að fjárhæð hvers framlags verði greidd með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Auk þess er áskilinn réttur til þess að krefjast dráttarvaxta af framangreindri fjárhæð í samræmi við 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Þá er gerð sú krafa að útgjaldajöfnunarframlag fyrir árin 2015-2018 verði endurákvarðað til hækkunar og að Reykjavíkurborg verði úthlutað framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignasköttum. Jafnframt er þess krafist að Reykjavíkurborg hljóti framvegis framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til jafns við önnur sveitarfélög, þ.m.t. fyrir árið 2019.

### 3. Landshlutasamtök sveitarfélaga – framlög vegna samstarfsverkefna á árinu 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 30. janúar 2020, varðandi sóknaráætlanir landshluta 2020.

Allt frá því á árinu 2012 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu *Sóknaráætlanir landshluta* en framlaginu er ætlað að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundarhalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan landshluta og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Síðastliðin tvö ár hefur framlagið til landshlutasamtakanna vegna sóknaráætlana numið 38 m.kr. Á fundinum 31. janúar þarf að taka ákvörðun um framlag næsta árs og hvort hækka eigi framlagið á árinu 2020.

Yrði tekið mið af hækkun neysluverðsvísitölu (15%) og launavísitölu (85%) frá 1. janúar 2019 til 1. janúar 2020 myndi framlagið hækka um 1,5 m.kr. Hækkun neysluverðsvísitölu er tæp 2% á tímabilinu og hækkun launavísitölu rúm 4%.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hækka framlag ársins skv. vísitölu neysluverðs og launavísitölu og að framlag ársins 2020 nemi 39,5 m.kr.*

### 4. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum – framlög ársins 2019

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Matvælastofnunar, dags. 23. janúar 2020, vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði til vatnsveitna á lögbýlum árið 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Á grundvelli c-liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 1088/2017, greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 180/2016. Heildarfjárhæð framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt reglugerð skal ekki fara yfir 25 m.kr. á hverju ári og hámarksframlag vegna einstakra framkvæmda má nema allt að 44% af stofnkostnaði.

Að teknu tilliti til áðurnefndra hámarksframlaga nemur umbeðinn kostnaðarþátttaka vegna ársins 2019 13,7 m.kr.

*Nefndin samþykkti að tillaga Matvælastofnunar um úthlutun framlags samtals að fjárhæð 13.676.990 kr. væri tekin til greina.*

### 5. Sameiningar sveitarfélaga – áhrif sameininga á jöfnunarframlög Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23. janúar 2020, varðandi framlög vegna sameininga Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.

Samkvæmt d. lið í 1. gr. rgl. nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er veitt framlag ef hið sameinaða sveitarfélag fær lægri tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlög vegna sameiningar. Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur sameinuðust á árinu 2019 og voru framlögin reiknuð fyrir hið nýja sameinaða sveitarfélag á árinu 2019. Þarf því að reikna framlögin að nýju með sveitarfélögunum aðskildum til að sjá hvort þau hefðu fengið herra framlag samanlagt en sameinaða sveitarfélagið fékk á árinu 2019.

Hvorugt sveitarfélaganna fékk tekjufjöfnunarförlag á árinu 2018 og er því engin skerðing á því förlagi vegna sameiningar.

Fjarðabyggð fékk útgjaldjöfnunarförlag að fjárhæð 268,33 m.kr. á árinu 2019. Þegar reiknað er fyrir sveitarfélögin í sitthvoru lagi þá hefði Fjarðabyggð fengið um 240,52 m.kr. og Breiðdalshreppur um 27,69 m.kr., samanlagt gerir þetta um 268,21 m.kr.

Útgjaldjöfnunarförlagið er því að hækka um 120 þús.kr. eftir sameiningu og er þ.a.l. ekkert förlag vegna óskerts tekjufjöfnunar- og útgjaldjöfnunarförlags.

### **Suðurnesjabær**

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23. janúar 2020, varðandi óskert tekjufjöfnunar- og útgjaldjöfnunarförlag Suðurnesjabæjar.

Samkvæmt d. lið í 1. gr. rgl. nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er veitt förlag ef hið sameinaða sveitarfélag fær lægri tekjufjöfnunar- og útgjaldjöfnunarförlög vegna sameiningar. Sveitarfélagið Garður og Sandgerði sameinuðust á árinu 2019 og voru förlögin reiknuð fyrir hið nýja sameinaða sveitarfélag, Suðurnesjabæ, á árinu 2019. Þarf því að reikna förlögin að nýju með sveitarfélögunum aðskildum til að sjá hvort þau hefðu fengið herra förlag samanlagt en Suðurnesjabær fékk á árinu 2019.

Sveitarfélagið Garður fékk um 81 m.kr. í tekjufjöfnunarförlag á árinu 2018 en Suðurnesjabær fékk ekkert tekjufjöfnunarförlag á árinu 2019. Ekki er hægt að reikna nákvæmlega út hvað Garður hefði fengið á árinu 2019 þar sem gögn um útsvarstekjur fyrir árið 2019 sýnir einungis fyrir Suðurnesjabæ en ekki skiptinguna milli sveitarfélaganna tveggja. Förlagið fyrir árið 2018 gildir því fyrir árið 2019.

Suðurnesjabær fékk útgjaldjöfnunarförlag að fjárhæð 319 m.kr. á árinu 2019. Þegar reiknað er fyrir sveitarfélögin í sitthvoru lagi þá hefði Sandgerði fengið um 3,6 m.kr. og Sveitarfélagið Garður um 186,5 m.kr., samanlagt gerir þetta um 190 m.kr.

Útgjaldjöfnunarförlagið er því að hækkar um 129 m.kr. eftir sameiningu og tekjufjöfnunarförlagið lækkar um 81 m.kr., sem gerir að nettó breyting er hækkun um 48 m.kr. og er þ.a.l. ekkert förlag vegna óskerts tekjufjöfnunar- og útgjaldjöfnunarförlags.

## **6. Kynningarefni um sameiningar sveitarfélaga – Hugmyndir frá N4**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 30. janúar 2020, varðandi hugmynd að þáttargerð vegna fyrirhugaðra sameininga í kjölfar samþykktrar þingsályktunartillögu.

Forsvarsmenn Sjónvarpsstöðvarinnar N4 hafa komið að máli við ráðuneytið og Jöfnunarsjóð um gerð sjónvarpsþátta þar sem fjallað yrði um sameiningarmál í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Fjallað yrði almennt um sameiningarmál viðkomandi svæða og hvaða áskoranir felast í þeim. Útsendingar stöðvarinnar ná til rúmlega 99% lögbýla.

Gert er ráð fyrir því að framleiddir yrðu sjö til átta 30 mínútna sjónvarpsþættir þar sem hver þáttur fjalli um sameiningarmál innan starfssvæðis landshlutasamtaka:

1. Kynningarþáttur um frumvarp ráðherra – afstöðu Sambandsins og almenn fræðsla um málið. Viðtal við ráðherra, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga o.fl.
2. Sveitarfélög á Suðurnesjum.
3. Sveitarfélög á Vesturlandi.
4. Sveitarfélög á Vestfjörðum.
5. Sveitarfélög á Norðurlandi vestra.
6. Sveitarfélög á Norðurlandi eystra.
7. Sveitarfélög á Austurlandi.
8. Sveitarfélög á Suðurlandi.
9. (Sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu\*)

\*Þátturinn yrði níundi þátturinn

Áhersla yrði lögð á að þættirnir yrðu aðgengilegir á heimasíðum/samfélagsmiðlum sveitarfélaganna, landshlutasamtakanna og fleiri aðila sem að málinu koma. Þá er efni stöðvarinnar aðgengilegt í línulegri dagskrá N4, á Facebooksíðu N4 (23.200 fylgjendur), n4.is, hlaðvarpi N4 og í tímaflakki Vodafone og Símans ásamt þeim fjölmörgu öppum sem bjóða upp á dagskrá N4.

Samkvæmt kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að hver þáttur kosti um 1.050.000 kr. án vsk.

Ef ákveðið verður að Jöfnunarsjóður komi að fjármögnun þáttagerðarinnar er hugmyndin sú að framlagið yrði veitt til landshlutasamtaka sveitarfélaga á hverjum stað sem yrði samningsaðili við N4 um gerð þáttanna.

*Nefndin tók vel í hugmyndina og ákveðið var að fela starfsmönnum sjóðsins að kanna hug landshlutasamtakanna til málsins.*

#### **7. Efling tónlistarfræðslu – viðbætur við framlög vegna 7. gr.**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. janúar 2020, varðandi eflingu tónlistarnáms skv. 7. gr. 2019-2020.

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 28. nóvember sl. voru samþykkt áætluð framlög fyrir skólaárið 2019-2020 vegna nemenda sem þurfa að sækja tónlistarnám utan síns sveitarfélags. Síðan þá hafa borist umsóknir frá fjórum sveitarfélögum þar sem óskað er eftir framlögum þrátt fyrir að umsóknarfresturinn sé liðinn. Í þremur tilvikum er um ræða nemendur sem eru að fá inngöngu í tónlistarskóla á vorönn 2020 og í samræmi við það fá þeir nemendur 50% af framlaginu sem nemur 236.427 kr. Jafnframt er einn nemandi sem er í námi allt skólaárið og myndi því fá fullt framlag sem er 472.855 kr.

*Að umræðu lokinni samþykkti Ráðgjafarnefndin að veita viðbót við framlagið að upphæð samtals 1.182.137 kr. vegna eflingu tónlistarnáms skv. 7. gr.*

### **YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS**

#### **8. Reglugerð vegna framlaga ársins 2020**

Lögð var fram til kynningar drög að nýrri reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2020. Helstu breytingar er að finna í II hluta, mæling á útgjaldaþörf, þar sem fjallað er um hvernig staðið er að greiðslum við andlát þjónustugega.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við drög reglugerðarinnar.*

**9. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga – ársreikningur 2018**

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2018. Á árinu 2018 nam tekjuafgangur sjóðsins 461,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 4.425,7 m.kr., skuldir 2,6 m.kr. og eigið fé 4.423,1 m.kr.

**10. Skráning upplýsinga vegna þjónustu við fatlað fólk – vinnufundur 27. febrúar**

Lagt var fram til kynningar boð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á vinnustofu um skráningu upplýsinga varðandi þjónustu við fatlað fólk þar sem markmiðið er að greina annmarka á núverandi fyrirkomulagi sem draga úr samræmi í skráðum upplýsingum.

**11. Þingsályktunartillaga**

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu fór yfir stöðuna á nýsamþykktari tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033. Jafnframt kom fram að verið væri að leggja lokahönd á smíði frumvarps um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. En frumvarpinu er ætlað að ná fram markmiðum nýsamþykkrar þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023. Fram kom í máli Hermanns að með þingsályktuninni væri stigið mikilvægt skref í þá átt að efla sveitarstjórnarstigið, auka sjálfbærni og bæta þjónustu við íbúana.

**12. Önnur mál**

Næsti fundur nefndarinnar hefur verið boðaður þann 21. febrúar kl. 12:15 og þarnæsti fundur verður haldinn 27. mars kl. 10:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 13:35.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson